

Fundargerð – 548. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn miðvikudaginn 13. júní 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Eiður Ævarsson, Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson, Svavar Grétarsson og Önundur Jónasson.

Aðrir gestir: Davor Lucic

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Staðan á breytingu flokkunarkerfa.
3. Útboðsmál, staðan.
4. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggismál, brennsluna í maí og júní, bilanir í maí og júní, stöðu úrvinnslusjóðs og kolefnisföngun. Framkvæmdastjóri fór einnig yfir framkvæmdir í Helguvík, m.a. plötuskipti á þaki brennslunar og malbikun á plani hér fyrir utan.

2. Staðan á breytingu flokkunarkerfa

Þessi dagskrárliður var tekinn á undan dagskrárlið nr. 1.

Davor fór yfir stöðu á tunnudreifingu. Búið er að dreifa öllum tunnum í Garði, Sandgerði, Grindavík og Vogum, líka í einhverjum hverfum í Reykjanesbæ. Búið er að ganga vel að dreifa tunnunum og flestir hafa tekið vel í það. Lífrænt og almennt verður hreinsað á tveggja vikna fresti en plast og pappi á fjögurra vikna fresti.

3. Útboðsmál, staðan.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu útboðsmála. Fyrst fór framkvæmdastjórinn yfir stöðu útboðsins um sorphirðu frá heimilunum. Framkvæmdastjórinn upplýsti stjórn að við værum í lokaskrefum í okkar undirbúningi og er áætlað að útboðið verði auglýst fyrir sumarfrí. Framkvæmdastjóri fór næst yfir stöðu annarra samninga, þ.e. núverandi samninga við Hringrás, Terra, Íslenska gámafélagið og Hópsnes. En áætlað er að útboð vegna þeirra samninga verði auglýst í haust.

Framkvæmdastjóri fór yfir forsendur útboðsins, m.a. tíðni losunar, grenndarstöðvar, losun söfnunarbíla, efni frá grenndarstöðvum, vanefndir, viðurlög og úrræði, gildistími. Framkvæmdastjóri fór einnig yfir eign og ráðstöfun endurvinnsluefna, ráðstöfun efna úr grenndarstöðvum, kynning og upplýsingar til íbúa, upplýsingar til Kölku og sveitarfélaga, vistvænir söfnunarbílar, mat á virkni samningsins og útboðshlutar.

Stjórn var sammála um að framkvæmdastjóra og formanni stjórnar yrði falið ganga frá endanlegum útboðstexta í samvinnu við ráðgjafafyrirtæki.

4. Önnur mál.

Önundur vék stuttlega að dagskrá fyrsta fundar stjórnar eftir sumarfrí.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:13

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 15. ágúst 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Ingbór Guðmundsson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Steinþór Þórðarson